

Leiðbeiningar við gerð útdráttar

Útdráttur er samantekt á meginefni annars texta. Hann er í samfelldu máli og hefur **upphaf**, **miðju** og **endi** eins og aðrir textar. Þótt útdráttur tengist vissulega frumtextanum efnislega er hann sjálfstæður texti, enda byggist hann að einhverju leyti á mati þess sem skrifar hann á því hver aðalatriðin eru. Ef bein ræða er notuð í frumtextanum á að breyta henni í óbeina ræðu. Til þess að útdráttur geti haldið sjálfstæði sínu gagnvart frumtextanum þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga við gerð hans.

- 1) Frumtextinn er lesinn yfir til að fá góða yfirsýn yfir efni hans.
- 2) Textinn lesinn aftur og aðalatriði úr honum skráð niður. Fjöldi atriðanna er ekkert aðalatriði, heldur það að þau endurspegli efni greinarinnar svo að auðveldara sé að skrifa út frá þeim. Skrifðu aðalatriðin með eigin orðum, **ekki** nota orðalag frumtextans.
- 3) Nýr texti er skrifaður út frá þeim atriðum sem voru skrifuð niður. Nýi textinn þarf ekki að taka efnisatriði fyrir í sömu röð og gert er í móðurtextanum.
- 4) Útdráttur á ekki að vera með orðalagi frumtextans, sjá 2).
- 5) Ef útdráttur er sérstakt verkefni þarf að útbúa nýja fyrirsögn/titil á hann en ef hann er hluti af öðru verkefni er hann felldur inn í verkefnið eins og hver annar kafli/efnisgrein í verkefninu.